

Inngangur

Það er mér mikið hugðarefni hvernig upplifun fólks sem er að af erlendu bergi brotið sé á Íslandi. Verandi sjálf hálf íslensk og hálf túnísk. Ég þekki að af eigin hálfu hvernig framkoma fólks gagnvart mér getur verið breytileg eftir því hvort það gerir ráð fyrir því að ég sé innfædd eða hvort að ég sé útlendingur. Nýlega skrifaði ég handrit að leikriti sem fjallar um unga konu sem fluttist til Íslands frá Túnis með foreldrum sínum þegar hún var 10 ára. Hún á tvær yngri systur. Önnur var mjög ung þegar fjölskyldan flutti til Íslands og hefur nánast enga minningu að því að búa í Túnis, sú yngsta er fædd á Íslandi. Leikritið fjallar aðallega um hvernig hver aðili innar fjölskyldunnar ráðstafar sér og upplifir það að búa í tveimur menningarheimum. Til þess að fá betri innsýn ákvað ég að skrifa þessa ritgerð sem skoðar hvernig sjálfsmynd manneskju sem býr við tvær menningar mótast og hver hennar helstu átök eru. „Biculturalism“ er hugtak sem er notað yfir manneskju sem býr við tvær menningar, mismunandi íslenskar þýðingar eru til af hugtakinu en ákvað ég að nota orðið tvímenning, því mér finnst það orð lýsa því best. Skoða ég því hvað það er sem skilgreinist sem tvímenning, hvað sjálfsmynd er og hvernig hún verður til og hvernig sjálfsmynd einstaklings er innan hans tvímenningar. Upplifanirnar geta auðvitað verið mjög ólíkar, bæði eftir því hver menning einstaklingsins er heima fyrir og hver menningin er í samfélaginu sem einstaklingurinn býr í. Ég velti því líka fyrir mér, hvernig er hægt að koma átökum þessara tveggja sjálfsmynda sem fylgir því að búa í tveimur menningarheimum til skila í einhvers konar listformi til áhorfenda eða lesenda sem tengjast einungis einni menningu. Listamaður sem hefur einna helst komið þessu best til skila að mínu mati og tengist mikið mínu hugðarefni í leikritinu er ljóðskáldið Yahya Hassan, hann er fæddur og uppalinn í Danmörku en eru foreldrar hans frá Palestínu. Mun ég skoða bæði viðtöl og ljóð eftir hann og reyna gefa skil á hvernig hans tvímenningarlega sjálfsmynd birtist í ljóðum hans. Í þessari ritgerð mun ég rýna í sálfræðilegar, félagsfræðilegar og mannfræðilegar skilgreiningar á sjálfsmynd, tvímenningarlegri sjálfsmynd, etniskri sjálfsmynd og hvernig menningaraðlögun getur haft áhrif á tvímenningarlegan einstakling. Ég mun því reyna tengja þessar skilgreiningar við ljóð Hassans og finna birtingarmynd hans tvímenningarlegu sjálfsmynda í ljóðabókinni hans.

Sjálfsmynd

Steph Lawler félagsfræðingur segir að hugtakið sjálfsmynd sé samblanda af að skilgreina sig af því að vera eins og því að vera öðruvísi. Rót orðsins „identity“ á ensku er komið af latínu, orðinu idem sem þýðir eins/það sama. Til þess að skilgreina okkar eigin sjálfsmynd þurfum við að samsvara okkur við ákveðinn hóp, t.d. að við deilum okkar sjálfsmynd með því að vera manneskjur, íslensk, kona, karl, að vera svartur eða hvítur. Hins vegar skilgreinist sjálfsmynd líka út frá því sem gerir manneskju frábrugðna öðrum, að hvert og eitt okkar séum einstök á okkar eigin hátt því enginn okkar er eins. Lawler talar um sjálfsmynd út frá vestrænni hugmyndafræði, hún vill meina að í hinum vestræna heimi skilgreinist sjálfsmyndin út frá þessum tveimur andstæðum, að vera öðruvísi og samsvara okkur við aðra hópa.¹ Hún talar einnig um að enginn getur verið með einungis eina sjálfsmynd, þar sem ekki er hægt að flokka sjálfan sig út frá aðeins einum hóp. Lawler vill samt meina að sjálfsmyndin mótist á gagnvirknan hátt en sé ekki marglaga. Manneskja getur ekki flokkað sjálfa sig út frá kyni og ofan á bætt annarri sjálfsmynd sem tengist kynþætti og þar ofan á bætt sjálfsmynd sem tengist kynhneigð, því t.a.m. er skilgreiningin og upplifunin á að vera hvít kona ekki sú sama og að vera svört kona. Því ætti að líta á margar mismunandi sjálfsmyndir sem marga þætti sem vinna saman og búa til eina heild heldur en að vera mörg lög sem sem bætast ofan á hvort annað. En til þess að samsvara sig við eitthvað byggist það á mörgu leyti að útiloka sig frá einhverju öðru, ef að ég skilgreini sjálfa mig sem konu, útiloka ég á sama tíma að vera skilgreind sem karlmaður.²

Sjálfsmynd kynþáttar og etnísk sjálfsmynd

Alicia Fedelina Chavez og Florence Guido-DiBrito skrifuðu grein sem kallast á ensku „Racial and Ethnic Identity and Development“. Erfitt er að þýða yfir á íslensku orðið „racial“ en til að skilgreina „racial identity“ mun ég í fyrstu nota orðið kynþáttur og færa mig svo yfir í orðið uppruni.

Í dag skilgreinist sjálfsmynd sem byggist á kynþætti aðallega á félagslegan hátt, þar sem einstaklingur samsvarar sig með með hópi fólks af sama uppruna. Oftar en ekki er sjálfsmynd kynþáttar flokkuð eftir húðlit. Húðliturinn er þá notaður sem einn af mörgum stimplum sem einstaklingar og hópar leyfa sér að nota til þess að fjarlægja sig frá öðrum sem þeir telja vera öðruvísi en þeir. Sjálfsmynd kynþáttar festir sér sess á yfirborðslegan hátt og skilgreinist eftir því hvernig við lítum út en hefur þó miklar afleiðingar á því hvernig er komið fram við okkur.

¹ Steph Lawler, „What is identity? Sameness and difference“ í *Identity Sociological Perspectives*, Polity Press, 2008, bls. 2

² Steph Lawler, „What is identity? Sameness and difference“ í *Identity Sociological Perspective*, Polity Press, 2008, bls. 3

Etnísk sjálfsmynd er einnig talin vera félagslegt fyrirbæri. Talið er að einstaklingar líti á sjálfan sig (eða að aðrir líti á þá) sem hluta af stærra samfélagi, þar sem fólk tengist saman vegna þess að það samsvarar sig og deilir sama uppruna og menningu. Etníska sjálfsmyndin styrkist enn meira ef að einstaklingur tengir sjálfan sig annað hvort meðvitað eða ómeðvitað við hóp fólks sem deilir með honum sameiginlegar hefðir, hegðun, gildi eða trú. Þessi atriði hjálpa oft einstaklingum til þess að átta sig á heiminum í kringum þá og finna til stolts af því hverjir þeir eru. Einstaklingur getur þó hins vegar fundið til skammar af uppruna sínum ef að umhverfi hans er uppfyllt af neikvæðum skilaboðum varðandi þess hóps sem hann tilheyrir.

Etnísk sjálfsmynd og sjálfsmynd uppruna er mikilvægur hluti af heildarramma sjálfsmyndarinnar sem við samsvörum okkur við aðra og sjálfsmynd einstaklingsins. Fyrir suma, þá sérstaklega þá sem eru sýnilega og eru löglega skilgreindir sem minnihlutahópar í Bandaríkjunum, festir etnísk sjálfsmynd og sjálfsmynd upprunans sér sess á mjög meðvitaðan hátt. Það gerist aðallega vegna tveggja andstæðra áhrifa, þá félagslegra og menningarlegra. Í fyrsta lagi, þá er meðvitaður samruni inn í menningarlegar hefðir, trúarleg gildi, fjölskyldutengsl, hverfi og menntun innrættur á jákvæðan hátt í hina etnisku sjálfsmynd og hefur þar af leiðandi áhrif á sjálfstraust einstaklingsins. Í öðru lagi, það sem er í andstæðu við þetta, er að einstaklingar þurfa oft að sía út sína etnisku sjálfsmynd í gegnum neikvæðrar meðferðar og skilaboða fjölmiðla til annarra vegna kynþáttar þeirra eða uppruna.³

Tvímennig í einsleitri menningu

Tvímennig getur átt sér nokkrar skilgreiningar. Tvímennig á oftast við um manneskju sem býr í tveimur menningum og hefur náð ákveðnum tókum á bæði menningunni sem hún hefur erfð og menningunni í því landi eða svæði sem hún býr í/á. Skilgreining á ekki aðeins við um innflytjendur heldur getur hún líka átt við börn innflytjenda sem alast upp í þeirri menningu sem ríkir á því svæði sem þau fæðast á, og einnig menningu foreldra þeirra sem er annars konar. Tvímennig gerist í raun þegar manneskja sem býr við tvær menningar nær góðum tókum á báðum tungumálum sem fylgir þessum tveimur menningum, tekur jafnvirkan þátt í báðum menningum og hefur góð félagsleg tengsl inn í báðar menningarnar.⁴

Í bókinni *Biculturalism, Self Identity and Societal Transformation* sem er tekin saman af bandaríska

3 Alicia Fedelina Chavéz og Florence Guido-DiBrito, „Racial and Ethnic Identity and Development“ í *An Update on Adult Development Theory: New Ways of Thinking About Life Course: New Directions for Adult and Continuing Education*, M. Carolyn Clark og Rosemary S. Caffarella ritstýrðu, bls. 40-41, San Francisco, Jossey-Bass Inc., 1999

4 Seth J. Schwarts og Jennifer B. Unger, NCBI (National Center for Biotechnology Information), <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2840244/#B3>, *Biculturalism and Context: What is Biculturalism, and When Is It Adaptive*, Skoðað: 14/02/2015

mannfræðingnum og félagsfræðingnum Rutledge M. Dennis segir hann að það sé í raun þannig að flestir aðhyllist einsleitri menningu áður en þeir aðhyllast tvímenningu. Hann segir að það sé vegna þess að börn sem fæðast jafnvel inn í tvímenningarlegar aðstæður séu oft fyrstu árin, einungis sýnd eða virkjuð í annarri menningunni. Það er oft ekki fyrr en seinna meir sem þau eru kynnt fyrir seinni menningunni. Ástæðan fyrir þessu er að mestu leyti vegna að börn eru oft einungis umkringd fjölskyldu sinni fyrstu árin í barnæsku. Rutledge segir að einstaklingar geta nýtt sér þá staðreynd að vera komin af tveimur menningum sér til góðs, hins vegar getur einstaklingurinn einnig lent í því að vera ekki meðtekin nema að hálfu frá báðum menningum, upplifað samþykki á einum stað en mótlæti á öðrum og auðvitað upplifað samþykki af báðum menningum. Upplifanir einstaklinga af tvímenningu eru auðvitað misjafnar eins og þeir eru margir. Það er þó óhjákvæmilegt fyrir einstakling sem elst upp í tvímenningu en að tengjast annarri menningunni meira en hinn, oft er það önnur menningin sem lætur hann finna fyrir meiri jarðtengingu, menningin sem stýrir þessu er þá oftast sú menning sem einstaklingurinn kemst fyrst í kynni við sem barn, bæði vegna tungumálsins og fjölskyldutengsla sem á stóran þátt í að móta sjálfsmynd þessa einstaklings.⁵ Rutledge M. Dennis talar um að lönd eins og Svíþjóð, Noregur, Danmörk og Japan séu þær þjóðir sem eru hvað mest einsleitar þegar það kemur að menningu, þjóðarbrotum og tungumálum, þetta á þó helst við vegna þess hversu lág prósentu af innflytjendum eru í þessum löndum. Rutledge vill meina að þau samfélög sem einkennast af einsleitinni (og þá ekki fjölbreyttri) menningu, upplifi sitt samfélag á mjög svipaðan hátt og fólk sem tilheyrir ákveðnum ættbálki. Hann tekur Bandaríkin sem dæmi þar sem hann lýsir því að hvítt fólk hafi sameinast í vissan ættbálg þrátt fyrir þeirra ólíka uppruna og trú. Fólk sem er af öðrum uppruna eins og svartir, rómönsku Ameríku og frumbyggjar þurfa að aðlaga sig að þeim hóp sem er mest ríkjandi í samfélaginu, og oftar en ekki er þessi ríkjandi hópur einsleitur í hugarfari og gildum. Rutledge vill meina að þrátt fyrir að Bandaríkin séu full af fjölbreyttum hópum þegar það kemur að þjóðarbrotum og tungumálum, þá er þessi „hvít“ hópur (fólk sem samanstendur af írskum, þýskum, ítölskum uppruna ásamt gyðingum) hvað mest ríkjandi í Bandaríkjunum og er því litið á „lituðu“ hópanna sem eitthvað sem skilgreinir ekki Bandaríkin eða hvað það er að vera Bandaríkjaaður. Þessi hópar lenda því oft í því að verða útundan menningarlega séð, en margt úr þeirra menningu eins og dans, tónlist og list er notað til þess að auðga menningu þess ríkjand hóps. Rutledge ber þetta saman við Bretland, þar sem England hefur í gegnum söguna fengið að láni úr menningu Wales, Írlands og Skotlands og gerti að sínu

5 Rutledge M. Dennis, „The Bicultural Self: Acting and Reacting in Social Settings“ í *Research in Race and Ethnic Relations Volume 15: Biculturalism, Self Identity And Societal Transformation*, Rutledge M. Dennis ritstýrði, Emerald Group Publishing, 2008, bls. 3-5

eigin.⁶

Það eru til samfélög þar sem ríkir tvímenning, hins vegar er það mjög sjaldgæft að báðum menningum séu gefið jafnt vægi í samfélaginu. Rutledge tekur Kanada sem dæmi þar sem 80% af frönskumælandi Kanadabúum tala og skilja frönsku en hins vegar einungis 30% af enskumælandi Kanadabúum tala og skilja frönsku, þar af leiðandi geta þjóðir verið tvímenningarlegar en starfrækt sem einsleit menning.⁷

Sjálfsmyndin innan tvímenningarinnar

Rutledge talar um sjálfið út frá kenningum geðlæknisins Robert J. Lifton. Kenningar Liftons byggjast aðallega á því að sjálfið sé breytilegt og fljótandi eins og vökvi sem skiptist í marga undirkafla margra sjálfa.

Verandi svartur Bandaríkjamaður sem var barn á tíma þegar ríkti aðskilnaður á milli hvíttra og svartra, talar Rutledge um hvernig hann upplifði af eigin hálfu líf sitt í tvímenningu. Hann ólst upp í Charleston í South Carolina. Þar sem hans menningu og hinnar ríkjandi menningu þá í Bandaríkjunum var haldið aðskildum, voru hans kynni af hvíttri amerískri menningu aðallega í gegnum tímarit, tónlist, bíómyndir og útvarp. Í kringum 1950 voru engar fyrirmyndir í bíómyndum sem komu af sömu menningu eða uppruna og hann. Hann segir að seinna meir í gegnum áhuga sinn á sagnfræði varð hans tvímenningarlega upplifun meira á vitsmunalegum nótum, þrátt fyrir að einnig hafa vissa tengingu við poppmenningu. Hins vegar þar sem þessi aðskilnaðarstefna ríkti, átti hann aldrei í neinum beinum vitsmunalegum samskiptum við hvítt fólk.⁸

Rutledge talar um að sjálfsmyndin eða sjálfið hans hafi skipst í tvo hluta. Annars vegar var það aðalsjálfið sem tengdist menningunni sem hann fæddist í, þá svartri menningu, svo var það seinna sjálfið sem að tengdist bókunum sem hann las og bíómyndunum sem að hann horfði á.⁹

Hann talar um að auðvelt er fyrir einstakling sem er með mörg sjálf að lenda í einhvers konar krísu ef að önnur sjálfsmyndin byggist á ákveðnum uppruna og menningu en verður svo hafnað af því

6 Rutledge M. Dennis, „The Monoculturalist in a Monocultural Society“ í *Research in Race and Ethnic Relations Volume 15: Biculturalism, Self Identity And Societal Transformation*, Rutledge M. Dennis ritstýrði, Emerald Group Publishing, 2008, bls. 11-12

7 Rutledge M. Dennis, „Biculturalism and the Dialectics of Identity“ í *Research in Race and Ethnic Relations Volume 15: Biculturalism, Self Identity And Societal Transformation*, Rutledge M. Dennis ritstýrði, Emerald Group Publishing, 2008, bls. 32

8 Rutledge M. Dennis, „Becoming Bicultural: Moving Toward the Outer “They” Group“ í *Research in Race and Ethnic Relations Volume 15: Biculturalism, Self Identity And Societal Transformation*, Rutledge M. Dennis ritstýrði, Emerald Group Publishing, 2008, bls. 43

9 Rutledge M. Dennis, „Self Identity in a Bicultural Society“ í *Research in Race and Ethnic Relations Volume 15: Biculturalism, Self Identity And Societal Transformation*, Rutledge M. Dennis ritstýrði, Emerald Group Publishing, 2008, bls. 45

umhverfi sem sá einstaklingur er í. Til þess að tvímenningarlegt samfélag gangi upp, þurfa aðilar innan þessa samfélags að hafa einhvers konar innsýn, skilning og samþykki að fólk má vera með fleiri en eina sjálfsmynd.

Samkvæmt rannsóknum sem hafa verið gerðar á sjálfínu og sjálfsmynd tvímenningar kemur fram að mismunandi menningar búa til mismunandi sjálf. Talað er um að sjálfið í Vestrænni menningu sé óháð, frjálst, þrífist á sjálfstæðum afrekum og metur lífið út frá þörfum og markmiðum einstaklingsins. Meðan að sjálfið innan austurlenskrar menningar sé meira í flæði og harmoníu við umhverfið og metur lífið út frá sameiginlegum þörfum og væntingum. Munur er líka á félagslegum hlutverkum í hinum austurlenska heimi og vestræna. Í hinum austurlenska heimi eru fyrirfram ákveðin félagsleg hlutverk sem að fólk fylgir eftir. Í hinum Vestræna heimi er það einmitt öfugt þar sem sjálfið er að meirahluta búið til (eða áunnið) heldur en fyrirfram ákveðið. Er þess vegna sjálfsmynd þeirra einstaklinga í hinum Vestræna heimi verkefni sem er í stöðugri vinnslu út lífið. Hvernig einstaklingur af tveimur menningarheimum kemur á jafnvægi á sjálfsmyndina veltur helst á hvort að viðkomandi metur þessa tvo menningarheima sem sambærilega eða hvort að þeir séu þversagnakenndir og hvort að þessar tvær sjálfsmyndir sem að einstaklingurinn hefur séu samfelldar eða andstæður. Því meira sem að einstaklingurinn lítur á þessa tvo menningarheima vera sambærilega því betur á hann í að koma jafnvægi á sína tvímenningarlegu sjálfsmynd. ¹⁰

Menningaraðlgun

Ekki eru allir sammála um hvað skilgreinist sem menningaraðlgun. Skilgreiningin á því breytist sífellt eftir fræðimönnum og með tímanum. Höfundur þessar ritgerðar mun þó helst einblína á kenningar John W. Berry prófessors í sálfræði á menningaraðlgun.

Eldri skilgreiningar á menningaraðlgun einblíndu þá helst á mun breiðara hugtaki af menningarbreytingum, þá breytingar sem áttu sér stað í báðum hópum (menningu hins aðflutta og þeirri ríkjandi menningu sem var á svæði hins aðflutta) og hvernig báðir hópar þurftu að aðlaga sig að hverjum öðrum.

Kenningar Berry byggjast aðallega út frá sálfræðilegum skilningi og meira að einstaklingnum heldur en á hópnum sem heild. Berry talar um að menningaraðlgun sé frábrugðin því sem við þekkjum sem aðlgun, því aðlgun getur verið eitthvað sem er einungis tímabundið. Hann tekur fram að menningaraðlgun getur í raun verið skilgreind einnig sem óaðlgun, þegar einstaklingur

10 Saba Ozyurt, Online Library, <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1467-9221.2012.00924.x/full>, „Negotiating bicultural identities“ í *Negotiating Multiple Identities, Constructing Western Muslim Selves in the Netherlands and the United States*, Birt: 11/12/2012, Skoðað: 14/02/2014

breytist við að vera í snertingu við aðra en sína upprunalegu menningu og streitist á móti hinni ríkjandi menningu, t.d. með því að halda fastar í gildin sem koma frá hans eigin menningu sem gera hann því íhaldssamari og ekki eins virkan í hinni ríkjandi menningu. Berry heldur því fram að þó svo að heilt samfélag gangist undir einhvers konar menningaraðlögun eða breytingu, getur hver einstaklingur fyrir sig upplifað þetta tvennt á mjög mismunandi hátt.¹¹

Berry talar líka um menningaraðlögunaraðferðir, hann segir þessar aðferðir skiptast í fjóra hluta. Fyrsta aðferðin er hópur fólks sem að vill ekki viðhalda sinni menningarlegu sjálfsmynd og sækist eftir tengingu við aðrar menningar. Þessir einstaklingar vilja frekar fela eða skilja eftir þá menningu sem þeir hafa erfð og vilja heldur tengja sig við þá ríkjandi menningu, þetta myndi kallast aðlögunaraðferðin. Önnur aðferðin væri sá hópur fólks sem að heldur fast í sinn menningarlega arf og vill ekki tengjast menningarhópum sem er frábrugðnir honum, þessi aðferð kallast aðskilnaðaraðferðin. Þriðja aðferðin er hópur fólks sem vill viðhalda góðri tengingu við sína erfða menningu og hina ríkjandi menningu, þessi aðferð myndi kallast sameiningaraðferðin. Fjórdá og síðasta aðferðin er sá hópur fólks sem hefur lítinn möguleika eða áhuga að tengjast menningunni sem hann hefur erfð (kannski vegna skorts á tengslum við fjölskyldu) eða hinni ríkjandi menningu (mögulega vegna útskúfunar eða fordóma), þessi aðferð kallast marginalization. Berry tekur fram að munur er á hugtökunum sameiningu (integration) og aðlögun (assimilation), þar sem öðruvísi viðhorf og hegðun eiga sér stað. Hann segir að í sumum samfélögum sé ekki gerður greinarmunur á þessu tvennu sem skilar sér oft í misskilningi á menningaraðlögun.¹²

Berry segir að þetta séu fjórar helstu menningaraðlögunaraðferðirnar en hins vegar sé ekki hægt að alhæfa um að þetta gildi fyrir alla einstaklinga. Þessar aðferðir byggjast að eingöngu á þeim hópum sem eru í minnihluta en ekki ríkjandi hópnum. Hann tekur fram að til þess að sameiningaraðferðin virki sem best er viðkomandi einstaklingur ekki hluti af hinum ríkjandi hópi og þarf hann líka að búa í samfélagi þar sem hinn ríkjandi menningarhópur sé opin fyrir menningarlegri fjölbreytni.¹³

„Ég er kölluð „blanche“ af fjölskyldunni minni“

Til þess að fá betri innsýn inn í heim manneskju sem er alin upp í tveimur menningum, tók ég viðtal

-
- 11 John W. Berry, Science Direct, Havard, <http://isites.harvard.edu/fs/docs/icb.topic551691.files/Berry.pdf>, „Acculturation: Living in Successfully in Two Cultures“ í *International Journal of Intercultural Relations*, bls. 701, Skoðað: 16/02/2015
- 12 John W. Berry, Science Direct, Havard, <http://isites.harvard.edu/fs/docs/icb.topic551691.files/Berry.pdf>, „Acculturation: Living in Successfully in Two Cultures“ í *International Journal of Intercultural Relations*, bls. 704-705, Skoðað: 16/02/2015
- 13 John W. Berry, Science Direct, Havard, <http://isites.harvard.edu/fs/docs/icb.topic551691.files/Berry.pdf>, „Acculturation: Living in Successfully in Two Cultures“ í *International Journal of Intercultural Relations*, bls. 705, Skoðað: 16/02/2015

við 24 ára stúlku að nafni Sunna Sasha Larosiliere. Móðir Sunnu er íslensk og er faðir hennar bandarískur, ættaður frá Haítí. Sunna ólst upp bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Segja má að Sunna hafi þurft að aðlagast þremur menningum, íslenskri menningu, bandarískri menningu og haítískri menningu. Ég spurði Sunnu hvaðan hún væri:

„Þetta rosalega breytilegt eftir árunum í hvaða röð ég segi hvaðan ég er og hvernig ég skilgreini það. Yfirleitt segi ég bara að ég sé íslensk, þangað til að fólk setur upp svip og segir „Ha? Það getur ekki verið þú ert svo dökk“. Síðustu árin hef ég bara haldið mig við að segja að ég sé íslensk. Kannski sérstaklega í ljósi þess að ég hef bæði búið á Ítalíu og Frakklandi, og þar er fólk ekkert sérlega hrifði af Bandaríkjamönnum. En ef ég er í Bandaríkjunum og fólk spyr mig hvaðan ég sé, þá fer það eftir því í hvaða aðstæðum ég er og í hvaða fylki ég er í. Ef ég er t.d. í Boston og einhver spyr mig þessa spurningu þá svara ég bara að ég sé frá New York og íslensk.“

Sunna segir að unglingsárin hafi verið mjög erfið fyrir sig, bæði vegna þess að hún flakkaði mikið fram og tilbaka frá Bandaríkjunum til Íslands. Hún lenti sjaldan í aðkasti út af uppruna sínum eða útliti á Íslandi, hins vegar var sagan önnur þegar hún bjó í Bandaríkjunum. Hún segir að í þeim skóla sem hún var nemandi í, skiptu krakkarnir sér í hópa eftir uppruna. Verandi hálf frá Haítí þráði hún mest að vingast við aðra krakka í skólanum frá Haítí, það gekk þó heldur illa:

„Ég verð eiginlega að útskýra þetta alveg frá byrjun. Pabbi var bara 17 ára þegar hann flutti til Bandaríkjanna frá Haítí. Mamma hans hafði ekki efni á að hafa hann hjá sér, svo hann varð sendur til ættingja sinna sem bjuggu í Bandaríkjunum. Honum er hent beint í menntaskóla án þess að tala stakt orð í ensku. Hann hataði þetta gjörsamlega, hann upplifði sig einan og einangradan. Ég held að hans leið til þess falla inn í samfélagið var í raun að loka svolítið á uppruna sinn, ég meina í dag þá talar hann ekki með hreim, hann talar bara með amerískum hreim. Hann hagar sér allt öðruvísi en frændur mínir frá Haítí, hann er bara mjög mikill Bandaríkjamadur. Pabbi var líka bara 22 ára þegar eignaðist mig. Þannig að heima hjá mér var aldrei töluð franska eða kreól. Ég lærði aldrei þetta tungumál, en ég umgengdist fjölskylduna mína frá Haítí, þannig ég skil tungumálið nokkurn veginn, bara get ekki talað það. Eftir að hafa búið á Íslandi í nokkur ár, þá flutti ég aftur til Bandaríkjanna og fór í menntaskóla þar. Ég þekkti engan í skólanum, þar sem pabbi byrjaði í nýrri vinnu í Massachusetts og vorum við þá ekki í okkar vanalega hverfi í New York, með fjölskyldu og vinum. Matsalurinn í skólanum var í alvörunni eins og eitthvað klippt út úr lélegri unglingsmynd þar sem borðin skiptust í hópa eftir uppruna, ég ákvað að setjast hjá krökkunum frá Haítí, því ekki var einhver hópur þarna frá Íslandi og taldi ég að ég myndi tengjast best við þau. Þegar ég spyr þau hvort að ég megi setjast hjá þeim, spyr ein stúlkan mig „Hvaðan

ertu?“ ég svaraði henni að ég væri frá Haítí. Allir á borðinu fóru að hlæja, þau segja við mig að það passi ekki, ég sé of ljós á hörund. Ég útskýri að mamma mín sé hvít og pabbi minn frá Haítí. Stelpan segir mér að sanna það og segja eitthvað á kreól. Ég man hvernig hjartað barðist í brjósti mér, ég vissi að ég yrði algjörlega niðurlægð ef ég viðurkenndi fyrir þeim að ég talaði ekki tungumálið, þannig ég sagði það eina sem ég kunni að segja sem var „hvað segirðu?“. Krakkarnir á borðinu klöppuðu, stelpan sem var greinilega leiðtogi hópsins, virtist ekki vera hrifin og sagði við mig „Það geta allir sagt þetta. Segðu eitthvað meira“. Ég kunni ekki neitt meira og gat því ekki svarað henni, hún horfði bara á mig glottandi og sagði „Já, ég hélt það líka. Og svarið er nei, þú mátt ekki setjast hjá okkur“. Ég ákvað þá næst að reyna fá sæti hjá amerísku svörtu krökkunum. Þú verður að skilja að fá sæti á ákveðnu borði var í rauninni staðfesting á því að þú værir meðtekinn í hópinn. Svörtu krakkarnir leyfðu mér að setjast hjá sér en voru samt hikandi í fyrstu, þau voru ekki viss hvort að þau trúðu því að ég væri svört, þau veltu því fyrir sér hvort ég væri Suður-Amerísk. Ég þurfti stöðugt að vera að sannfæra alla um uppruna minn, en ég gafst upp á svörtu krökkunum þegar mig langaði til þess að gerast meðlimur að „The African-American Club“ sem var klúbbur sem starfrækti eftir skóla, ég mætti á fyrsta fundinn og var spurð beint út hvað ég væri að gera þarna, ég sagði þeim að ég væri svört en þau bara gáfu mér skrítið augnarád. Ég labbaði beint út. Ég var auðvitað mjög óörugg með mig á þessum tíma, verandi í nýju umhverfi, en það virtist vera bara ómögulegt fyrir mig að passa einhvers staðar inn út af útlitinu mínu. Ég endaði svo að setjast á borðið hjá Suður-Amerísku krökkunum, út af útlitinu mínu gerðu þau bara ráð fyrir að ég væri „latína“, þau spurðu mig aldrei hvaðan ég væri, ég var búin að sitja á borðinu með þeim í hálf ár þegar þau komust að því að ég væri hálf íslensk og hálf frá Haítí.“

Þegar ég spyr Sunnu hvort að hún hafi haft öðruvísi sjálfsmynd í Bandaríkjunum heldur en á Íslandi svarar hún:

„Bandaríska Sunna og íslenska Sunna eru mjög ólíkar og það verður frekar greinilegt þegar bandarísku vinir mínir hafa heimsótt mig til Íslands. Ég er með allt annan húmor í Bandaríkjunum, nálgast hlutina á allt öðruvísi hátt heldur en ég geri á Íslandi, hugsunarhátturinn breytist eftir því í hvoru landinu ég er í. Þessi munur var samt miklu greinilegri þegar ég var unglingur og bjó í Bandaríkjunum. Ég átti í rauninni kannski ekki erfitt með að sameina íslensku sjálfsmyndina mína við hina bandarísku heima fyrir, það gekk bara mun erfiðara fyrir sig úti í samfélaginu. Sjálfsmyndin mín byggðist að mörgu leyti á hvernig ég leit út og hvernig aðrir sáu mig. Ég fékk aldrei að vera bara Sunna, ég þurfti alltaf að vera sannfæra fólk í kringum mig að ég tilheyrði þeirra hóp líka. Það situr alveg ennþá fast í mér þessi höfnun sem ég fékk frá krökkunum í

skólanum, ég var líka mjög lengi reið út í þabba minn fyrir að kenna mér ekki kreól. Ég meina, ég er kölluð „blanche“ af fjölskyldunni minni. Fjölskyldan mín frá Haítí kallar mig litla hvítungjann, af því ég er með svo ljósa húð. Þau segja þetta í góðlátlegu gríni en ég viðurkenni alveg að þetta fer í taugarnar á mér. Ég á nokkur frændsystkini sem eru líka blönduð, eiga hvíta mömmu. Þau fá ekki þetta hvítungja grín á sig þar sem þau tala kreól. Þannig fjölskyldan mín finnst frændsystkini mín vera svartari en ég, bara af því þau tala tungumálið. Og það sama gildi um krakkana í skólanum. Núna þegar ég fer að hugsa út í það, þá væri það algjörlega fjaránlegt ef ég myndi haga mér eins í kringum Íslendinga og ég haga mér í kringum fjölskylduna frá Haítí. Ég myndi ekki einu sinni tala eins við bandarísku vini mína og ég tala við þau. Til að passa inn í fjölskylduna þá er ég rosalega „svört“ þegar ég er með þeim. Þetta hljómar kannski eitthvað rasískt að segja þetta, en ég kann eiginlega ekki að útskýra þetta öðruvísi. Ég tala öðruvísi ensku við þau, ég tala viljandi vitlaust, smelli fingrunum þegar ég hlæ og nota ákveðinn húmor sem kæmist aldrei til skila ef ég væri að tala svona við Íslending. Og auðvitað er þetta öfugt. Fjölskyldan mín myndi aldrei skilja íslenskan húmor, og ég veit það alveg, þannig já ég er kannski alveg þrjár ólíkar persónur, íslenska Sunna, bandaríska Sunna og haítíska Sunna. Mér hefur aldrei tekist að sameina þessar sjálfsmyndir, aðallega vegna þess að það myndi ekki ganga upp. Fólkið á Íslandi myndi ekki skilja bakgrunninn minn eða þær menningarlegu tilvísanir sem ég hef þegar ég segi eitthvað á ákveðinn hátt og öfugt. Þá er ég meina þennan Haítí hluta af mér og þennan íslenska. Íslendingar skilja alveg tilvísanir í bandaríska menningu þar sem þeir eru svo ameríkuvæddir, en Bandaríkjamenn skilja ekkert alltaf tilvísanir í íslenska menningu, skiljanlega. Ég er 24 ára og ég á alveg ennþá erfitt með að vita hver ég er. Kannski af því það er alltaf verið að spyrja hvaðan ég sé, þó svo að ég svari því hreinskilningslega þá virðist svarið mitt ekki alltaf henta þeim sem að spyr mig.¹⁴

Menningaraðlögun tvímenningsins

Viðtalið við Sunnu fannst mér gefa skýra mynd af skilgreiningu tvímenningar og menningaraðlögunar. Saga Sunnu er ef til vill dæmi um manneskju sem er hafnað af tveimur hennar erfðu menningum, svörtu bandarísku menningunni og haítísku menningunni. Segja mætti að í vissum aðstæðum hafi henni verið hafnað af öllum þremur menningunum, þar sem fólk á oft erfitt með að samþykja að hún sé íslensk. Sjálfsmynd Sunnu og hvernig hún er meðtekin inn í þessar menningar virðast byggja mjög mikið á útliti hennar, sem staðfestir kenningar Aliciu og Florence um sjálfsmynd uppruna, að sú sjálfsmynd sé í raun yfirborðsleg en byggist að mörgu leyti hvernig

¹⁴ Sunna Sasha Larosiliere. 2015. Viðtal höfundar við Sunnu Söshu Larosiliere. Reykjavík. 19. febrúar

fólk kemur fram við þig. Sunna talar um að hún viti ekki enn hver hún er, sem eins og Rutledge M. Dennis talar um að ef að sjálfsmyndirnar þínar eru byggðar miklu leyti á uppruna þínum er auðvelt fyrir einstaklinginn að lenda í krísu með sjálfan sig. Menningaraðlögunaraðferð Sunnu gæti flokkast sem sameiningaraðferðin, þar sem hún reyndi eftir bestu getu að falla í þá tvær ríkjandi menningar sem voru í hennar umhverfi, hinnar haítísku og hinnar bandarísku. Aðferð Sunnu gekk hins vegar ekki upp þar sem þessir tveir ríkjandi hópar voru ekki opnir fyrir fjölbreytileika. Áhugavert var líka að heyra um föður Sunnu sem hefur falið uppruna sinn til þess að falla betur inn í samfélagið. Menningaraðlögunaraðferð föður Sunnu hefur byggst meira á aðlögunaraðferðinni.

Yahya Hassan

Aðeins 18 ára gamall gaf Hassan út sína fyrstu ljóðabók í Danmörku sem fékk nafnið „Yahya Hassan“. Bókin er mest selda ljóðabók í Danmörku frá upphafi og hefur hún verið þýdd yfir á fleiri tungumál. Ljóð Hassans segja frá barnæsku hans sem innflytjandi frá Palestínu, heimilisofbeldi sem hann varð fyrir af hálfu föður síns, upptökuheimilum og fangelsisvist. Ljóð Hassans eru skrifuð á dönsku en blandar hann því máli saman við svokallað perkamál sem er sú útgáfa af dönsku sem sumir innflytjendur í Danmörku tala. Bókin hans valdi miklum usla í Danmörku þar sem bæði róttækir íslamistar hafa reiðst honum fyrir að gagnrýna múslima og öfgasinnaðir hægrimenn hafa réttlætt skrif Hassans á fordóma sína gagnvart innflytjendum og múslimum.¹⁵

Verandi einungis 18 ára þegar bókin hans kom út er kannski að mörgu leyti skiljanlegt að Hassan hafi komið dálítið misvísandi út úr viðtölum. Í viðtali í Politiken segir Hassan:

„Sjáið bara hvað það er mikið af því lágstéttafólki sem fær bætur og styrki frá ríkinu. Meðan fullorðinn maður getur flutt Kóraninn í heilu lagi utan bókar, farið í moskuna alla daga og látið sem að hann sé heilagur, þá er engin þjáning sem fylgir því að svindla á kerfinu, sér í lagi þegar það kemur að örorkubótum. Þessi félagslega rotnun er útbreidd.“¹⁶

Í viðtali í vinsælum sjónvarpsþætti segir Hassan:

„Það er heil kynslóð af heimskum innflytjendum sem ganga um og samþykja ekki samfélagið sem þeir búa í og samþykja ekki Danina. Andskotinn hafi það, Danmörk er land Dana ef

15 Kristín María Kristinsdóttir, Sirkustjaldið, <http://sirkustjaldid.is/svidslistirogbokmenntir/yahya-hassan-haldið-kjafti-svona-upplifi-eg-thetta/>, „Haldið kjafti, svona upplifi ég þetta“, Birt: 13/11/2014, Skoðað: 16/02/2015

16 Pedja Yurisc, LA Review of Books, <http://lareviewofbooks.org/essay/rage-denmark-yahya-hassan-danish-integration-debate>, „All the Rage in Denmark: Yahya Hassan and the Danish Integration Debate“, Birt: 23/03/2014, Skoðað: 16/02/2015

þér líður ekki vel í því landi sem þú ert í þá ættirðu bara að finna þér eitthvað annað.¹⁷

Því fleiri viðtöl sem að Hassan fer í því betur virðist hann útskýra sína hlið á málinu. Hann segir að ofbeldi, glæpir, vanræksla og trúarleg hræsni sé eitthvað sem á sér ekki einhvern sérstakan húðlit eða uppruna. Hann tekur það fram að hans sjónarhorn komi frá því að vera innflytjandi, alinn upp í fátækt og ofbeldi. Hann segir að þessir hlutir tilheyri líka innfæddu lágstéttinni. Hann gagnrýnir ekki önnur trúarbrögð því að hann þekkir ekki til þeirra, Hassan gagnrýnir það umhverfi sem hann þekkir best. Hann setur vissulega mikið út á þá múslima sem að flytja til Danmerkur og líta niður á þá innfæddu fyrir að aðhyllast ekki sömu trú og þeir, trúandi því að þeir innfæddu muni fara til helvítis meðan hinir trúuðu fara til himnaríkis en á sama tíma svindla þeir á danska kerfinu til þess að fá bætur. Hann segir að þessi trúarlega hræsni eigi auðvitað ekki einungis um múslima, hana sé hægt að finna í öðrum trúarbrögðum. Hassan tekur fram að hans gagnrýni einblíni ekki eingöngu á innflytjendur og múslima, hann segir að hann sé að gagnrýna danska kerfið alveg jafnmikið, sér í lagi þá hvernig danska ríkið hefur tekið á móti flóttamönnum frá stríðshrjáðum svæðum. Sjálfur lenti hann mjög ungur inn á stofnun þar sem hann var barinn af starfsmanni, hann segir að hann hafi gagnrýnt það jafn harðlega og þá innflytjendur sem að svindla á danska kerfinu. Hassan tekur það sérstaklega fram að hann hefur algjöra óbeit Danska Alþýðuflokknum.¹⁸ Í viðtali í Morgunblaðinu tekur hann fram:

„Vissulega hefur saga mín orðið til þess að hlutir hafa verið ræddir. Mér finnst að í Danmörku hafi hægri vængurinn sín markmið, sem fjölmiðlar hafa haldið á lofti. Ég á við með ákveðnum hætti hafa stjórnmálamennirnir, valdhafarnir og fjölmiðlarnir í Danmörku misnotað persónulega reynslu mína í þágu rasískrar og útlendingafjandsamlegrar dagskipunar. Það var ekki ætlun mín að svona yrði talað um hlutina, boðskapur minn hefur verið mistúlkaður og mér hefur verið stillt upp eins og ég sé að gagnrýna islam og persónu sem hatar islam og múslima. En það stenst ekki, ég er ekki þannig og ég á ekki við það. Ég hef vakið athygli á vandamálum þannig að við getum öll áttað okkur betur á stöðunni. En því miður eru hægri sinnuð öfl í samfélaginu, sem eru alveg jafn hættuleg og sú tegund róttækra islamista, sem Danir óttast.“¹⁹

17 Pedja Yuriscic, LA Review of Books, <http://lareviewofbooks.org/essay/rage-denmark-yahya-hassan-danish-integration-debate>, „All the Rage in Denmark: Yahya Hassan and the Danish Integration Debate“, Birt: 23/03/2014, Skoðað: 16/02/2015

18 Yahya Hassan, Youtube, <https://www.youtube.com/watch?v=1HE6ZsH8ldU>, „Yahya Hassan: Poems of rage“, Birt: 08/04/2014, Skoðað: 17/02/2015

19 Hallur Már Hallsson, Morgunblaðið, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/11/12/5_born_i_rod_og_pabbi_med_kylfu/, „5 börn í röð og pabbi með kylfu“, Birt: 12/11/2014, Skoðað: 16/02/2015

Danski alþýðuflokkurinn

Danski alþýðuflokkurinn vann Evrópukosningarnar með yfirburðum vorið 2014. Vann flokkurinn 27% atkvæða og fjölgaði því meðlimum flokksins frá tveimur upp í fjóra inn á Evrópuþingið.²⁰

Christian Langballe talaði fyrir hönd flokksins í viðtali við Politiken og sagði að þeim þætti vera of mikið af innflytjendum frá íslömskum löndum sem fá ríkisborgararétt. Í skoðanakönnun sem var gerð á vegum TV2 og Politiken á síðasta ári, kom í ljós að Danskí alþýðuflokkurinn er sá flokkur sem hefur hvað mesta fylgi í Danmörku. Formaður flokksins Kristian Thulesen Dahl segir að möguleg ástæða fyrir aukinni fylgni sé umræðan um flóttafólk og aukna aðsókn þeirra til Danmerkur á árinu sem hafi ráðið skoðun fólks til þess að styðja enn betur við flokkinn.²¹

Flokkurinn hefur verið ásakaður um rasisma og útlendingahatur, þar sem nokkrir meðlimir flokksins hafa látið út úr sér rasísk ummæli opinberlega. Mogens Camre er einn þeirra sem hefur látið ýmislegt flakka á bæði Twitter og Facebook. Síðasta haust setti hann inn stöðuuppfærslu á Facebook þar sem hann setti út á viðtal sem hann hafði verið að horfa á sjónvarpsstöðinni DR1 þar sem var verið að ræða um innflytjendur, sagði hann að það hafi vakið hjá sér skrítna tilfinningu að horfa á spyrilinn sem liti út fyrir að vera ættaður frá Mið-Austurlöndum og viðmælandann sem væri indverskur vera að ræða þetta tiltekna málefni.²² Á heimasíðu Danská Alþýðuflokksins er hægt að líta á stefnuskrá þeirra. Þar er mikil áhersla lögð á danska menningu og varðveislu á menningarlegs arfs Dana. Tekið er fram að:

„Danmörk er ekki innflytjendaland og hefur aldrei verið. Þess vegna samþykjum við ekki breytingar sem leiða til fjölmennningarlegs samfélags. Danmörk er í eigu Dana og þegnar hennar verða að geta búið í öruggu samfélagi byggðu á lagalegum grundvelli, sem þróast í takt við danska menningu. Það ætti að vera mögulegt að meðtaka útlendinga inn í danskt samfélag, hins vegar án þess að setja öryggi og hina lýðræðislegu ríkisstjórn í hættu. Með takmörkun og gegn sérstökum reglum einnig í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, ættu erlendir ríkisborgarar hafa möguleikann á að fá danskan ríkisborgararétt.“²³

20 Lars Eriksen, The Guardian, <http://www.theguardian.com/world/2014/may/25/danish-peoples-party-triumphant-in-european-elections>, „Far right takes victory in Danish European elections“, Birt: 25/05/2014, Skoðað: 20/02/2015

21 Höfundur ónefndur, The Local, <http://www.thelocal.dk/20141128/danish-peoples-party-support-reaches-historic-high>, „Danish People's Party support hits historic high“, Birt: 28/11/2014, Skoðað: 20/02/2015

22 Höfundur ónefndur, The Local, <http://www.thelocal.dk/20141027/danish-peoples-party-member-retracts-racist-comment>, „DF politician retracts racist comment“, Birt: 27/10/2014, Skoðað: 20/02/2015

23 Stefnuskrá Danská alþýðuflokksins, Danske Folke Parti, http://www.danskfolkeparti.dk/The_Party_Program_of_the_Danish_Peoples_Party, Skoðað: 20/02/2015

Ljóð Yahya Hassans

Hvert einasta ljóð í Ljóðabók Hassans er skrifað með hástöfum. Sumir vilja meina að það sé til þess að sýna reiði ljóðskáldsins. Persónulega þykir mér þessi stíll gefa ljóðunum einfaldari blæ, maður þýtur í gegnum ljóðin hans á ógnarhraða og líður sem svo að skáldið sé beinlínis að garga á mann tilfinningalaust og ískalt. Með hástöfunum hverfur öll tilgerð og það sem stendur eftir virkar sem sannleikur. Hassan hefur líka sérstakan stíl þegar hann les upp ljóðin sín. Hann þylur þau upp á svipaðan hátt og Imam þylur upp vers úr Kóraninum. Þessi flutningur gefur áheyrandanum sterka tilfinningu fyrir þessari múslimsku hræsni sem hann talar svo oft um. Ljóðin eru öll skrifuð á dönsku og með flutningnum tekst Hassan að búa til einhvers konar samsuðu úr vísunum í íslam og í danska menningu. Tveir menningarheimar mætast.

Í ljóðinu „*UTAN DYRA*“²⁴ lýsir Hassan sakleysislegri minningu af sjálfum sér í leikskólanum þar sem hann kennir sjálfum sér að reima. Ljóðið dregur upp mynd af barni í óþekktu landi sem upplifir einhvers konar rof milli sín og jólaskrautsins sem umlykur hann. Hassan er hins vegar fæddur í Danmörku en út frá ljóðinu að skilja ekki með neina tengingu við hina dönsku menningu.

Kenningar Rutledge M. Dennis um að einstaklingur aðhyllist einsleitri menningu sem barn áður en hann aðhyllist tvímenningu kemur sterklega til greina hér. Hann segist hræðast jólasveininn eins og föður sinn. Tengingin sem að hann gefur að mínu mati lesandanum er að í gegnum bókina talar hann um ofbeldið sem að hann verður að hálfu föður síns, faðirinn réttlætir oft en ekki ofbeldið í nafni trúarinnar. Það kemur fyrir í lestrinum í gegnum bókina að maður gerir ekki greinarmun á lýsingunum Hassans á föður sínum og lýsingum Hassans á Allah. Sem lítið barn í leikskóla sér hann jólasveininn sem enn eitt annað trúarlega táknið. Ungur að aldri setur Hassan samasemmerki á milli yfirvaldsins, kúgarans og trúarinnar. Þessi hræðsla sem að hann nefnir auk tengslaleysisins við umhverfið, dregur upp mótsagnakennda mynd, af jólunum og hinum vestræna gleðianda sem fylgir því.

Aftan á bókarkápunni stendur að Yahya Hassan sé ríkisfangslaus Palestínamaður með danskt vegabréf. Hassan kemur því skýrt fyrir í ljóðunum sínum að hann sé útlendingur, og þá öðruvísi en „hinir“. Samkvæmt lögum er hann Dani, hins vegar sýnir hann skýran greinarmun á sér og öðrum Dönum, bæði með vísanir í sína erfðu menningu og hreinlega með þeim nöfnum sem hann kallar sjálfan sig. Í ljóðinu „*FJARLÆGÐUR AF HEIMILINU*“²⁵ lýsir hann því þegar félagsráðgjafi mætir heim til móður hans til að fara með hann í vistun. Hassan gefur upp litlar lýsingar á móður sinni í gegnum bókina og því er kannski erfitt fyrir lesandann að hafa einhverja skoðun á henni. Þykir

24 Sjá viðauka (a)

25 Sjá viðauka (b)

manni helst grátbroslegt þegar móðir hans biður félagsráðgjafann ekki að taka son sinn af sér því daginn eftir sé Eid al-Fitr (helgidagur í íslam þar sem fagnað er að föstunni sé lokið)²⁶. Ekki veit ég hvað Hassan hafði í huga með að taka það fram að móðir hans hafi sagt þetta, hins vegar er erfitt að komast hjá því að velja því fyrir sér hvort að félagsráðgjafinn hafi einhverja hugmynd hvað Eid al-Fitr sé og hvort að móðirin geri sér grein fyrir því. Hægt er að líkja þessum helgidegi við hin vestrænu jól. Að mínu mati er Hassan að benda á hvernig danski félagsráðgjafinn hefur engan skilning í þá menningu sem að Hassan og fjölskyldan hans koma frá og einnig að móðir hans sé heldur ekki í tengslum við hina dönsku menningu. Hassan bendir á í ljóðinu að þegar hann er kominn inn á danska stofnun mun hans palestínska matarræði verða skipt út fyrir danskan hátíðarmat. Óljóst er um hvern hann er að tala, en það lítur nokkurn veginn út að hann sé að lýsa símtali við systkini sín, þar sem þau spyrja hann hvort að hann sé Dani. Samkvæmt bókinni, á þessum tímamarki er Hassan ekki kominn með danskan ríkisborgararétt. Það að hann sé tekinn út af heimilinu og settur undir leiðslu danska ríkisins, gæti verið það sem gerir það að verkum að systkini hans og hann sjálfur skilgreini hann sem Dana.

Eins og sagt var áður, er greinilegt í ljóðum Hassans þessi fjarlægð sem hann setur á milli sín og Dana. Hann virðist ekki líta á sjálfan sig sem Dana, þó svo að hann sé uppalinn í dönsku samfélagi. Maður getur þess að þessi hugsun hans komi frá því að vera alinn upp í innflytjendahverfi, þar sem hann býr með öðrum innflytjendum og einangrist að einhverju leyti frá dönsku samfélagi. Hassan hefur tekið það fram í viðtölum að honum hafi verið kennt frá unga aldri að líta niður á þá innfæddu, þar sem þeir aðhyllust ekki sömu trú og hann. Því eldri sem að Hassan verður í bókinni því meira skynjar lesandinn fyrir fjarlægðinni sem hann setur á milli sín og þeirra innfæddu. Í ljóðinu „ÚTSKRIFT“²⁷ lýsir hann því þegar útskriftarbekkur leigir sal í hverfinu hans. Hann kallar hverfið sitt „gettó“ og kallar sjálfan sig og vin sinn „gettóbörn“. Hann gefur til kynna í ljóðinu að þegar fólk velur þessa staðsetningu fyrir útskriftarveislunum, þá er óhjákvæmilegt fyrir þau að klára veisluna án þess að verða rænd af „gettóbörnunum“. Hann aðgreinir sig og vin sinn frá þeim, og virðist einhvern hátt lifa sig inn í staðalímyndina af innflytjenda sem stelur af saklausu fólki. Þessi staðalímynd styrkist, þegar hann segir frá því að hann hafi boðið stelpu í veislunni upp í dans en hún svari því að hún dansi ekki við innflytjendur. Út ljóðið nefnir hann ekki vin sinn á nafn heldur kallar hann negra, þeir báðir hafa ekki nöfn í ljóðinu og ekki vilja. Þeir gera það sem er ætlast til af þeim, þeir ganga undir hina neikvæðu staðalímynd af innflytjenda sem er „gettóbarn“ eða negri.

26 Ónefndur höfundur, About, http://islam.about.com/od/ramadan/f/eid_fitr.htm, „How is Eid al-Fitr celebrated“, Skoðað: 22/02/2015

27 Sjá viðauka (c)

Þeir eru ekki ákveðnar persónur, þeir eru einn af „þeim“. Hassan er í dag einungis 19 ára, og því samkvæmt tímalínunni í bókinni, ætti hann að vera í kringum 13-14 ára þegar þetta atvik á sér stað. Hann eltir stelpuna sem hafnaði honum dansi, ræðst á hana við strætóskýli og reynir að stela töskunni af henni með ofbeldisfullum hætti. Enginn gerir neitt og lýsir Hassan því þegar strætisvagninn stoppar hvernig til verða áhorfendur og hvernig ósjálfrátt þau eru komin í hlutverk brotþola og geranda. Hann er meðvitaður um hvernig fólk sjái hann og gengur hispurslaust inn í það hlutverk. Hassan styrkir þessa fjarlægð á sér og hinna innfæddu með því setja inn lýsingu sem lögreglan setti í fjölmiðla þar sem leitað var af manni arabískum í útliti á aldrinum 20-25 ára sem er eftirlýstur fyrir ofbeldisfullt rán. Maður veltir því fyrir sér hvernig sé hægt að lýsa eftir einhverjum sem er arabískur í útliti, og hvað er það sem skilgreinir arabískt útlit. Þessi lýsing gefur ljóðinu húnur en vissulega á sama tíma sýnir þetta enn og aftur hvernig hann er einn af „þeim“ aðskilinn frá þeim innfæddu, að hann tilheyrir hóp sem er einsleitur og ekki hægt er að gera greinarmun á. Þegar Hassan kallar sig ríkisfangslausan, er hægt að lesa úr því á tvenns konar hátt. Hann er bókstaflega ríkisfangslaus þar sem hann er ættaður frá Palestínu. En merkingin á því að vera ríkisfangslaus getur verið önnur birtingarmynd þess að vera einstaklingur sem tilheyrir ekki neinum stað. Hann er Palestínumaður alinn upp í Danmörku, hann er ekki í beinni tengingu við heimalandið sitt né landið sem hann býr í, hann er einhvers staðar á milli. Í ljóðinu „*SJÓTTI VISTUNARSTAÐURINN*“²⁸ er Hassan greinilega búinn að flakka mikið á milli staða og gerir skýr skil á því að hann tilheyrir ekki neinum einum stað. Hann er kominn með danskan ríkisborgararétt og veltir því fyrir sér hvernig sá réttur breyti einhverju um hver hann er. Í þessari sjöttu vistun upplifir hann í fyrsta skipti hvernig það er að fá jólapakka og hvernig það er í raun að gera það sem Danir gera. Hann veltir fyrir sér hvernig hans palestínsku menningarlegu gildi skipta máli nú þegar hann er orðinn Dani, hvers vegna hann eigi að sleppa því að borða svínakjöt og hvaða not hann hefur af umskorna typpinu sínu. Skynjar maður einhvers konar tilgangsleysi, rótleysi og vangaveltum um hver Hassan er í raun og veru og hvort að hann tilheyrir öðrum hópi núna þegar hann hefur fengið danskan ríkisborgararétt.

Í bókinni talar Hassan um konu sem tók hann undir leiðslu á vegum danska ríkisins. Hún gaf honum bækur, sem hann hafði svo mikinn áhuga á og bauð honum reglulega í heimsókn heim til fjölskyldunnar sinnar. Þessi kona og Hassan áttu svo í „ástarsambandi“ ef svo mætti kalla, hann var í raun ennþá bara barn og hún fullorðin kona. Í ljóðinu „*JÁTNINGAR*“²⁹ er Hassan að vísa í innbrot sem hann framdi inn á heimili konunnar. Hann vissi hvar hún ætti heima og vissi hvaða

28 Sjá viðauka (d)

29 Sjá viðauka (e)

fjölskyldumeðlimur ætti hvaða hlut. Ljóðið heitir játningar og mætti segja að hann sé að játa brot sitt fyrir eiginmanni konunnar. Hins vegar ef að ljóðið stendur eitt og sér og án samhengis við hin ljóðin, er erfitt að komast hjá því en að hugsa að lýsingin hljómar kunnuglega. Hún minnir mann á fordómafulla manneskju að lýsa innflytjanda, sér í lagi ef maður skoðað athugasemdakerfið á fréttum sem tenjast Danska alþýðuflokknum, þá er lítill greinarmunur á því sem Hassan lýsir og það sem fordómafulla fólkið hefur að segja. Ég veit ekki hvort að Hassan sé meðvitað að reyna draga fram þessa neikvæðu staðalímynd af sjálfum sér, eða hvort að hann sé að reyna að sýna fram á hvernig hann sjálfur hefur innrætt þessa fordóma og gert þá að sinni eigin sjálfsmynd. Möguleiki er á að ljóðið sé bara einföld frásögn af innbroti.

Niðurlag

Þessi ritgerð er gerð til þess að fá dýpri skilning á einstaklingum sem aldnir eru upp í tveimur menningum og hvernig þessar tvær menningar geta skarast á og búið til flókna og mótsagnakennda sjálfsmynd þessa einstaklings. Eins og gefur að skilja getur það verið persónubundið hvernig tvímenningarleg sjálfsmynd verður til, eftir því hver erfða menning einstaklingsin er og hver hin ríkjandi menning er sem einstaklingurinn býr í. Leikritið sem ég hef skrifað er að mörgu leyti byggt á minni eigin persónulegri reynslu og minni upplifun að vera komin af tveimur menningum, en vildi ég því gera óhlutdræga rannsókn á tvímenningarlegri sjálfsmynd til þess að dýpka persónurnar í leikritinu. Þau samtöl sem ég hef átt við vini sem hafa einnig þennan tvímenningarlega bakgrunn, svipast oft til minnar sögu, þrátt fyrir að við séum að ólíkum uppruna. Kaflinn um sjálfsmyndina skýrir það ef til vill nokkuð vel, þar sem talað er um að sjálfsmynd einstaklinga verður til út frá því sem þeir samsvara sig með og út frá því sem þeir aðskilja sig frá. Við eigum það öll sameiginlegt að við erum dekkri á hörund en flestir aðrir Íslendingar og því aðskiljum við okkur frá meirihlutanum. Þetta fékk mig þó til þess að hugsa að sjálfsmynd einstaklinga sem eru af erlendu bergi brotnir og hafa tengingu í þá menningu hljóta að byggja sjálfsmyndina sína á nokkurn svipaðan hátt. Eftir að hafa fylgst með Yahya Hassan síðustu tvö ár, þótti mér hann geta verið nokkuð gott dæmi um það hvernig þessi tvímenningarlega sjálfsmynd birtist og hvernig hann miðlar því frá sér, þar sem ljóðabókin hans byggist á barnæsku hans. En til þess að greina hans sjálfsmynd þurfti ég að kafa ofan í hvað það er sem skilgreinist sem sjálfsmynd og hvað það er sem skilgreinist sem tvímenningarleg sjálfsmynd. Ég bjóst við að finna tvískipta sjálfsmynd í ljóðum Hassans, en niðurstaðan var sú að hans sjálfsmynd virtist eiga erfitt með að samsvara sig við hina ríkjandi menningu og því virkar birtingarmynd sjálfsmyndar hans ekki svo marglaga. Í kaflanum um etniska

sjálfsmynd og sjálfsmynd kynþáttar (ég geri mér fyllilega grein fyrir að kynþáttur er í raun eitthvað sem er ekki til, en erfitt var að finna rétt þýðingu á orðinu) er talað um að sjálfsmynd kynþáttar byggist á húðlit þar sem bæði hópar og einstaklingar aðskilja útlit sitt frá meirihlutanum. Í ljóðum Hassans talar hann ekki beint um það að hann líti öðruvísi út en aðrir, hann hins vegar gerir sér grein fyrir því að fólk skilgreini sig út frá útlitinu. T.a.m. í ljóðinu þar sem hann er eftirlýstur sem maður með arabískt útlit, gefur hann lesendanum þá athygli að vitnin á staðnum sem eru dönsk, líta ekki á hann sem Dana. Því hlýtur útlit hans hafa gefið á einhvern hátt það til kynna. Í sama kafla um sjálfsmynd kynþáttar er líka nefnt að skilgreiningin byggist eingöngu á hvernig einstaklingurinn líti út, en útlitið getur haft áhrif hvernig fólk kemur fram við einstaklinginn. Í gegnum ljóðabók Hassans verður það fyrir mér nokkuð ljóst að sjálfsmyndin hans byggist að miklu leyti á þeirri neikvæðu staðalímynd sem fólk hefur á innflytjendum. Mér þykir það heldur hrokafullt að halda því fram að þetta sé eitthvað sem að Hassan hafi innrætt ómeðvitað, hins vegar er erfitt að taka ekki þessa kenningu til greina. Í stað þess að finna til skammar vegna uppruna síns (vegna neikvæðrar viðmóta sem hann fær frá samfélaginu), verður Hassan það sem umhverfið býst við af honum. Sérstaklega þar sem Rutledge tekur fram í kaflanum um tvímenningu inn í einsleitri menningu, að erfitt er fyrir tvímenningarlegan einstakling að njóta góðs af báðum menningum ef að hin ríkjandi menning er einsleit og er ekki opin fyrir fjölbreytileika. Hátt fylgi Danska alþýðuflokksins er ef til vill ein birtingarmynd þess að Danmörk flokkist sem einsleit menning, flokkurinn tekur fram í stefnuskrá sinni að þeir styðji ekki fjölmenningu. Maður veltir því fyrir sér, hvernig manneskja eins og Hassan upplifi sig í þess konar samfélagi, þessi skilaboð hljóta á einhvern hátt að hafa áhrif á sjálfsmynd hans, ef að hans sjálfsmynd byggist að miklu leyti á sínum palestínska uppruna. Það hlýtur að verða til þess að hann sjálfur aðskilji sig frá því að vera danskur eða meðtekinn sem Dani. Glæpaferill Hassans þarf þó ekki endilega að byggjast á þessari neikvæðu staðalímynd, hún byggist að mörgu leyti á dreng sem verður fyrir ógeðslegu ofbeldi og hvernig tilfinningadofinn verður til þess að hann finni fyrir algjöru tilgangsleysi, honum er í raun sama hvað verður um sig, því hann hefur engu að tapa. Hassan virðist í gegnum bókina eingöngu umgangast aðra innflytjendur, kannski þar sem hann elst upp í innflytjendahverfi. Í gegnum viðtöl sem ég hef skoðað við Hassan segir hann að faðir hans hafi kennt sér að líta niður á innfædda, því þeir væru vantrúaðir og færu til helvítis. Með þess konar hugsunarhátt, getur lítið annað verið en að faðir hans hafi afneitað algjörlega hinni ríkjandi menningu, sem gæti útskýrt þennan aðskilnað Hassans við danska menningu.

Mér þótti hins vegar vanta þennan mannlega skilning á því hversu flókin sjálfsmynd einstaklings

getur verið, þrátt fyrir fræðilegar skilgreiningar á því. Viðtalið við Sunnu Söshu fannst mér gott dæmi um það hvernig sjálfsmyndin mótast út frá því hvernig umhverfið tekur við einstaklingnum og hvort að einstaklingurinn sjálfur innræti viðmót umhverfisins. Fannst mér líka auðveldara að tengja þessar fjóru menningaraðlögunaraðferðir sem Berry talar um og setja þær í samhengi. Þó svo að saga Sunnu og saga Hassans séu ekki sambærilegar, finnst mér þó mikilvægt að hafa báðar til þess að sjá heildarsamhengið. Kannski það sem Hassan hefur tengingu við, sem Sunna hefur ekki, er tungumálið inn í báðar menningar. Tvímenningarleg sjálfsmynd kemur því helst fram bæði í gegnum að hann noti dönsku sem tungumálið til þess að gefa rödd sinni blæ, með skírskotanir í íslam og arabísku. Mín upplifun á birtingarmynd tvímenningarlegu sjálfsmynd Hassans í gegnum ljóð hans er því sú að hann skilgreinir sig sem útlending, ekki innfæddan, ekki sem Dana vegna þess að umhverfið hans gefur ekki rými fyrir fleiri en eina sjálfsmynd. Hvorki menningin inni á heimili hans gerir það, né samfélagið. Tvímenningarlega sjálfsmynd hans býr því til eina heildar sjálfsmynd sem er sjálfsmynd útlendingsins.

Heimildaskrá

Bækur:

Rutledge M. Dennis, *Research in Race and Ethnic Relations Volume 15: Biculturalism, Self Identity And Societal Transformation*, Rutledge M. Dennis ritstýrði, Emerald Group Publishing, 2008.

Alicia Fedelina Chavéz og Florence Guido-DiBrito, *An Update on Adult Development Theory: New Ways of Thinking About Life Course: New Directions for Adult and Continuing Education*, M. Carolyn Clark og Rosemary S. Caffarella ritstýrðu, San Francisco, Jossey-Bass Inc., 1999.

Yahya Hassan, Íslensk þýðing Bjarki Karlsson, *Yahya Hassan*, Mál og menning, Reykjavík 2014.

Steph Lawler, „What is identity? Sameness and difference“ í *Identity Sociological Perspectives*, Polity Press, 2008.

Af netinu:

John W. Berry, Science Direct, Havard,

<http://isites.harvard.edu/fs/docs/icb.topic551691.files/Berry.pdf>, „Acculturation: Living in Successfully in Two Cultures“ í *International Journal of Intercultural Relations*, bls. 701, Skoðað: 16/02/2015

Stefnuskrá Danska alþýðuflokksins, Danske Folke Parti,

http://www.danskefolkeparti.dk/The_Party_Program_of_the_Danish_Peoples_Party, Skoðað: 20/02/2015

Höfundur ónefndur, The Local, <http://www.thelocal.dk/20141027/danish-peoples-party-member-retracts-racist-comment>, „DF politician retracts racist comment“, Birt: 27/10/2014, Skoðað: 20/02/2015

Höfundur ónefndur, The Local, <http://www.thelocal.dk/20141128/danish-peoples-party-support-reaches-historic-high>, „Danish People's Party support hits historic high“, Birt: 28/11/2014, Skoðað: 20/02/2015

Lars Eriksen, The Guardian, <http://www.theguardian.com/world/2014/may/25/danish-peoples-party-triumphant-in-european-elections>, „Far right takes victory in Danish European elections“, Birt: 25/05/2014, Skoðað: 20/02/2015

Hallur Már Hallsson, Morgunblaðið, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/11/12/5_born_i_rod_og_pabbi_med_kylfu/, „5 börn í röð og pabbi með kylfu“, Birt: 12/11/2014, Skoðað: 16/02/2015

Yahya Hassan, Youtube, <https://www.youtube.com/watch?v=1HE6ZsH8ldU>, „Yahya Hassan: Poems of rage“, Birt: 08/04/2014, Skoðað: 17/02/2015

Höfundur ónefndur, About, http://islam.about.com/od/ramadan/f/eid_fitr.htm, „How is Eid al-Fitr celebrated“, Skoðað: 22/02/2015

Kristín María Kristinsdóttir, Sirkustjaldið, <http://sirkustjaldid.is/svidslistirogbokmenntir/yahya-hassan-haldir-kjafri-svona-upplifi-eg-thetta/>, „Haldir kjafri, svona upplifi ég þetta“, Birt: 13/11/2014, Skoðað: 16/02/2015

Saba Ozyurt, Online Library, <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1467-9221.2012.00924.x/full>, „Negotiating bicultural identities“ í *Negotiating Multiple Identities, Constructing Western Muslim Selves in the Netherlands and the United States*, Birt: 11/12/2012, Skoðað: 14/02/2014

Seth J. Schwartz og Jennifer B. Unger, NCBI (National Center for Biotechnology Information), <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2840244/#B3>, *Biculturalism and Context: What is Biculturalism, and When Is It Adaptive*, Skoðað: 14/02/2015

Pedja Yuriscic, LA Review of Books, <http://lareviewofbooks.org/essay/rage-denmark-yahya-hassan-danish-integration-debate>, „All the Rage in Denmark: Yahya Hassan and the Danish Integration Debate“, Birt: 23/03/2014, Skoðað: 16/02/2015

Viðtöl:

Sunna Sasha Larosiliere. 2015. Viðtal höfundar við Sunnu Söshu Larosiliere. Reykjavík. 19. febrúar

Viðauki

a)

UTAN DYRA

ÉG SAT Í FATAHENGINU MEÐ EPLASKÍFU Í HENDINNI
OG KENNDI SJÁLFUM MÉR Í RÓ OG NÆÐI
AÐ BINDA SKÓREIMAR
APPELSÍNUR MEÐ NEGULNÖGLUM
HANGANDI ÚR LOFTINU Í RAUÐRI SNÚRU
EINS OG HOLSTUNGNAR VÚDÚDÚKKUR
SVONA MAN ÉG LEIKSKÓLANN
HIN HLÖKKUÐU TIL AÐ JÓLASVEINNINN KÆMI
EN ÉG VAR JAFN HRÆDDUR VIÐ HANN
OG VIÐ PABBA MINN³⁰

b)

FJARLÆGÐUR AF HEIMILINU

SÍÐAST ÞEGAR VIÐ VORUM SAMAN STÓÐUM VIÐ
MEÐ ENNÍÐ UPP AÐ VEGG
TÁRIN RUNNU NIÐUR KINNARNAR
ÞANGAÐ TIL MANN VERKJAÐI Í HÁLSINN
NÝ KONA
NÝ BÖRN
SVO FLUTTUM VIÐ TIL MÖMMU Í BLOKKINA SKÁ Á MÓTI
EN ÞIÐ ÞEKKIÐ ÞESSA SÖGU
FÉLAGSRÁÐGJAFI DÚKKAR UPP MEÐ SKJAL
OG TVÆR LÖGGUR SEM ERU BARA AÐ VINNA VINNUNA SÍNA
MAMMA SEGIR
EKKI TAKA SON MINN ÞAÐ ER EID AL-FITR Á MORGUN
EN ÞAÐ ER ÞETTA SKJAL
SVO ÉG FER Í SLITNU SKÓNA
OG KYSSI ENNIN BLESS
SPARKA FÉLAGSRÁÐGJAFANUM NIÐUR STIGANN
OG ER HANDJÁRNAÐUR
ÞETTA ER REFSIVERT SEGJA LÖGGURNAR
HVOR UPP Í AÐRA
OG ÉG SEGI AÐ ÉG HAFI EKKI NÁÐ SAKHÆFISALDRI

30 Yahya Hassan, Íslensk þýðing Bjarki Karlsson „UTAN DYRA“ í *Yahya Hassan, Mál og menning*, Reykjavík 2014, bls. 7

SPARKA Í ÞÆR LÍKA
 OG ÞANNIG ER LAMBAKJÖT OG KEBAB
 SKIPT ÚT FYRIR ÖND MEÐ EPLA- OG SVESKJUFYLLINGU
 ÞIÐ HRINGIÐ OG KALLIÐ MIG ÝMIST BRÓÐUR EÐA DANA
 VILJIÐ VITA HVAÐ ÉG ER AÐ GERA Í VISTUN
 EN ÞEKKJUMST VIÐ Í RAUN OG VERU
 EIGUM VIÐ ANNAÐ SAMEIGINLEGT EN SÁRSAUKANN
 NÚ ERU ÞIÐ ORÐIN STÓR OG FALLEG
 OG ÉG ER VÍST ORÐIN DANI
 EN ÞEKKJUMST VIÐ Í RAUN OG VERU
 ÞAÐ ER LANGT SÍÐAN VIÐ SKRIÐUM ÚR ÞESSARI HOLU
 VARLA GERIR ÞAÐ OKKUR NEITT NÁNARI³¹

e)

ÚTSKRIFT

ÚTSKRIFTARBEKKUR LEIGIR VEISLUSAL Í GETTÓINU
 ÞEGAR ÞESS HÁTTAR VIÐBURÐIR EIGA SÉR STAÐ
 LAUMAST GETTÓBÖRNIN INN
 VIÐ STELUM TÖSKUM OG JÖKKUM
 OG SKEMMTUM OKKUR EF VIÐ KOMUMST UPP MEÐ ÞAÐ
 DREKKUM VÍNIÐ ÞEIRRA ÁN ÞESS AÐ BIÐJA UM LEYFI
 ÞYBBIN STELPA SITUR ÚT Í HORNI
 ÉG VORKENNI HENNI OG SPYR HVORT AÐ HÚN VILJI DANSA
 HÚN SEGIR
 ÉG DANSA EKKI VIÐ PERKA
 ÉG FER FRAM Í FATAHENGI OG GÁI Í VASA
 VINUR MINN NEGRINN SEGIR
 VIÐ AFGREIÐUM HANA SEINNA
 SKOT OG FLEIRI SKOT
 ÉG ER EKKI LENGI AÐ VERÐA FULLUR
 ÞEGAR VEISLAN FJARAR ÚT ELTUM VIÐ HANA
 HÚN ER MEÐ ÞREMUR STRÁKUM
 ÞEIR SETJAST VIÐ STRÆTÓSKÝLI VIÐ HRINGVEGINN
 HÚN STENDUR Á GANGSTÉTTINNI OG REYKIR
 MEÐ TÖSKU Á ÖXLINNI
 ÉG HLEYP TIL HENNAR
 GRÍP Í TÖSKUNA OG TOGA

31 Yahya Hassan, Íslensk þýðing Bjarki Karlsson „FJARLÆGÐUR AF HEIMILINU“ í *Yahya Hassan, Mál og menning*, Reykjavík 2014, bls. 36

EN HÚN SLEPPUR EKKI
 FER AÐ ÖSKRA
 EINN STRÁKURINN KEMUR AÐ SKAKKA LEIKINN
 ÉG HERÐI TAKIÐ Á TÖSKUNNI MEÐ ANNARRI HENDI
 LEM HANN Í HAUSINN MEÐ HINNI
 NÚ GRÆTUR HANN
 SEST HJÁ HINUM FYLGIST AÐGERÐALOUS MEÐ
 ALLT Í EINU STOPPAR STRÆTÓ FYRIR FRAMAN OKKUR
 AUGU FARÞEGANNA BAK VIÐ RÚÐU
 SEM SKILUR AÐ SKIPULAG OG ÓREIÐU
 SEM SKAPAR AÐSTÆÐUR OG HLUTVERK FYRIR OKKUR ÖLL
 BROTAÞOLI
 GERANDI
 OG ALLT OF MÖRG VITNI
 ÉG LEM HANA Í HAUSINN
 HÚN DETTUR Í GÖTUNA
 NEGRINN ER LÖNGU FARINN
 ÉG TEK TÖSKUNA OG HLEYP INN Í STIGAGANG
 HIRÐI ÚR HENNI ALLT FÉMÆTT EINS OG HELVÍTIS PERKI
 DAGINN EFTIR ER TILKYNNING Í JYLLANDS-POSTEN
 20 TIL 25 ÁRA MAÐUR ARABÍSKUR Í ÚTLITI
 EFTIRLÝSTUR FYRIR OFBELDISFULLT RÁN³²

d)

SJÓTTI VISTUNARSTAÐURINN

RÍKISFANGSLAUS OG EIRÐARLAUS Í SÓFA ÓKUNNUGS MANNS
 MEÐ MJÚKAN PAKKA Í FANGINU
 OG DRAUMSÝN SEM SÉST EKKI UTAN Á ÞÉR
 ÞÚ HEFUR ALDREI ÁÐUR FENGIÐ JÓLAGJAFIR
 EN EINN GÓÐAN VEÐURDAG ERTU VISTAÐUR
 FYRST Á EINUM STAÐ SVO Á ÖÐRUM
 ÞÚ DANSAR KRINGUM TRÉÐ EINS OG DANI
 ER BOÐIÐ SVÍNAKJÖT Í MATINN
 EN ERT EKKI ALVEG VISS
 NÆSTU JÓL FÆRÐU VOTTORÐ UM RÍKISBORGARARÉTT
 UNDIRRITAÐ AF BIRTHE RØNN HORNBECH
 HVAÐA NOT HEFURÐU ÞÁ FYRIR UMSKORIÐ TYPPI

32 Yahya Hassan, Íslensk þýðing Bjarki Karlsson „ÚTSKRIFT“ í *Yahya Hassan*, Mál og menning, Reykjavík 2014, bls. 46

OG SVÍNAKJÖTSBANN
ÞAÐ HEFUR ÞÚ EKKI HUGMYND UM
OG ÞÓ ÞÚ SÉRT ENN EKKI ALVEG BÚINN AÐ ÁTTA ÞIG
GENGUR ALLT SINN VANAGANG ÞETTA ÁRIÐ
ÞAÐ ER ÚTLIT FYRIR FLEIRI GJAFIR
OG FREKARI PEDAGÓGÍSKA NÆRVERU
SEM LÝSIR SÉR Í VALDBEITINGU³³

e)

JÁTNINGAR

ÉG REIÐ KONUNNI ÞÍNNI
ÉG HIRTI ALLT SEM ER EINHVERS VIRÐI AF HEIMILINU ÞÍNU
ÉG PAKKAÐI SJÓNVARPINU INN Í SÆNG SONAR YKKAR
ÉG GAT EKKI VARIÐ ÞAÐ FYRIR FRÆNDA MÍNUM
AÐ HANN ÆTTI AÐ LÁTA TÖLVU SONAR YKKAR EIGA SIG
FARTÖLVA ER FARTÖLVA SAGÐI HANN
ÞAÐ ERU 500 AUKALEGA Á MANN
GÍTARARNIR ÞÍNIR ENDUÐU HJÁ GÓSS-HASSAN³⁴

33 Yahya Hassan, Íslensk þýðing Bjarki Karlsson „SJÖTTI VISTUNARSTAÐURINN“ í *Yahya Hassan*, Mál og menning, Reykjavík 2014, bls. 53

34 Yahya Hassan, Íslensk þýðing Bjarki Karlsson „JÁTNINGAR“ í *Yahya Hassan*, Mál og menning, Reykjavík 2014, bls. 77